

120

3. gr.

19. okt.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum allt að 10,000 kr.

4. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessarar reglugjörðar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllóm þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 19. október 1918.

Sigurður Jónsson

Oddur Hermannsson.

121

29. okt.

Framhaldsreglur

um leiðbeiningar um sölu og útflutning á saltkjöti.

(Tilkynning nr. 9, frá Útflutningnefndinni).

1. gr.

Kjötinu verður veitt móttaka til útflutnings fob á þessum höfnum:

Reykjavík,	Skagaströnd,
Vestmannaeyjum,	Sauðárkrók,
Stykkishólmi,	Akureyri,
Flatey,	Svalbarðseyri,
Ísafirði,	Húsavík,
Hólmanvík,	Þórshöfn,
Borðeyri,	Vopnafirði,
Hvammstunga,	Seyðisfirði,
Blönduósi,	Reyðarfirði.

2. gr.

121
29. okt.

Hver frambjódandi annast á sinn kostnað viðhald kjötsins og meðferð, svo sem fyrir er mælt í erindisbrjefi kjötmatsmanna, og hefir á því alla ábyrgð þangað til það er komið í skip á einhverri af ofanskráðum höfnum, svo og flutning þess þangað ef til kemur.

3 gr.

Farnskirteini um kjötið sje í hæfilega mörgum samritum. Afhendast tvö eintök umboðsmanni Útflutningsnefndar, sem verður með hverju skipi, og sje annað þeirra stimplað samkvæmt stimpillögunum. Einn fremur afhendast honum önnur vottorð, eftir fyrirmælum í tilkynningu nefndarinnar nr. 6, 9. gr. Kaupandi á að greiða stimpilgjaldið og annast Útflutningsnefndin fyrir hans hönd greiðslu á því.

4. gr.

Útflutningnefndin býst við, að kjötverðið, að fráðregnum kostnaði, verði fyrir hver 112 kíló nettó, af I. flokki alt að 205 kr. og af II flokki alt að 180 kr. Verðið á að greiðast nefndinni jafnótt fyrir hvern kjötfarm og hann er kominn um borð, eftir vottorði frá skipstjóra í simskeyti, og verður skift á milli allra seljanda hlutfallslega, eftir því sem það kemur inn, miðað við tunnutölu hvers eins, samkvæmt nákvæmu framtali þeirra. Framtal kjötsins skal vottað af kjötmatsmönnum og komið til Útflutningsnefndar í síðasta lagi 15. nóvember. Eru framleiðendur mintir á að gera hiklaust framsal til útflutningsnefndar á öllu saltkjöti, *sem ekki er ábyggilega ætlað til neyzlu innanlands* (sbr. ávarp nefndarinnar frá 14. júní þ. á.) og viðurlög ef út af er brugðið, samkvæmt reglugjörð stjórnarráðsins frá 11. júní þ. á., 7. gr.

Reykjavík, 28. október 1918.

Thor Jensen.

Pjetur Jónsson.

O. Benjaminsson.